

**1993 nr. 123 27. desember****Lög um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði****I. kafli. Gildissvið.**

■ **1. gr.** Lög þessi gilda um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

■ **2. gr.** Með lánastofnun er í lögum þessum átt við félög eða stofnanir sem hafa það að meginverkefni að veita lán í eigin nafni og afla sér í því skyni fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, sbr. þó 9. gr.

□ Lánastofnun er óheimilt að taka við innlánunum frá almenningsi til geymslu og ávöxtunar og stunda aðra starfsemi en þá sem fjallað er um í lögum þessum.

□ Þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lánastofnun heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarbanki“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

**II. kafli. Stofnun og starfsleyfi.**

■ **3. gr.** Lánastofnun verður einungis stofnuð sem hlutafélag. Óheimilt er að hefja starfsemi lánastofnunar nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi.

□ ...<sup>1)</sup>

□ [Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir fyrir lánastofnunina, lýsing á starfsemiinni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi lánastofnunarinnar. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður.]<sup>1)</sup>

□ Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar [Fjármálaeftirlitsins].<sup>2)</sup>

□ [Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra.]<sup>1)</sup>

□ Birta skal tilkynningar um starfsleyfi lánastofnana í Lögbertingablaði.

□ Um veitingu starfsleyfis til lánastofnana, synjun umsókna um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfis gilda að öðru leyti ákvæði II., III. og XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999.

■ **4. gr.** Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur lánastofnunar.

□ Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

■ **5. gr.** Lánastofnun verður ekki stofnuð með lægra hlutfé en 400 milljónum króna og skal hlutafé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ecu miðað við kaupgengi hennar [27. maí 1993].<sup>1)</sup>

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stofna eignarleigufyrirtæki, sbr. 9. gr., með 80 milljónum króna hlutafé hið lægsta og skal það aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi tekur sömu breytingum og um getur í 1. mgr.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 2. gr.

■ **6. gr.** Um stofnun lánastofnunar fer að öðru leyti eftir ákvæðum um stofnun hlutafélagabanka í II. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

**III. kafli. Stjórnun og starfsemi.**

■ **7. gr.** Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum lánastofnunar samkvæmt því sem lög og samþykktir stofnunarinnar ákveða.

□ Stjórn lánastofnunar skal kjörin af hluthöfum á aðalfundi. Hún fer með málefni félagsins milli hluthafafunda. Stjórnin skal skipuð eigi færri en þremur mönnum og jafnmörgum til vara.

□ Stjórn lánastofnunar ræður framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

□ Um stjórnendur og stjórnun lánastofnunar gilda að öðru leyti ákvæði um stjórn viðskiptabanka og sparisjóða í 38.–43. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

■ **8. gr.** Starfsemi lánastofnana felst í því að veita lán í eigin nafni og afla sér í því sambandi fjár með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings. Til starfsemi þeirra telst einnig að veita þjónustu sem er í eðlilegum tengslum við slíka lánastarfsemi. Nánar tiltekið felst starfsemi þeirra í:

1. Útlánastarfsemi, m.a.:
  - a. neytendalánunum,
  - b. langtímaveðlánunum,
  - c. kröfukaupum og kaupum skuldaskjala og
  - d. viðskiptalánunum.
2. Fjármögnunarleigu.
3. Greiðslumiðlun.
4. Útgáfu og umsýslu greiðslumiðla, t.d. greiðslukorta, ferðatekka og víxla.
5. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
6. Viðskiptum fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
  - a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
  - b. erlendan gjaldeyri,
  - c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
  - d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
  - e. verðbréf.
7. Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskiptum tengdum slíkum útboðum.
8. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
9. Peningamiðlun.
10. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
11. Vörslu og ávöxtun verðbréfa.
12. Upplýsingum um lánstraust (láns hæfni).
13. Útleigu geymsluhólfa.

Um verðbréfavíðskipti lánastofnana gilda auk ákvæða laga þessara ákvæði laga um verðbréfavíðskipti eftir því sem við getur átt.

□ Lánastofnunum er heimilt að stunda váttryggingastarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

□ Þeim er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af meginstarfsemi þeirra. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki [Fjármálaeftirlitsins]<sup>1)</sup> sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

□ Um starfsemi lánastofnana fer að öðru leyti eftir ákvæðum V. kafla í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði<sup>2)</sup> að undanskildum ákvæðum um innlánsreikninga og innlánskilfrki.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999. <sup>2)</sup> Rg. 571/1996, sbr. 486/1997 og 694/1997.

■ **9. gr.** Með eignarleigufyrirtæki er átt við lánastofnun sem hefur eignarleigu að meginstarfsemi sinni, óháð því hvernig sú starfsemi er fjármögnuð. Með eignarleigu er átt við leigustarfsemi með lausafé eða fasteignir þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- og afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Eignarleigufyrirtæki er þó einnig heimilt að veita þjónustu á þeim sviðum sem talin eru upp í 1. mgr. 8. gr., enda verði þar aldrei um að ræða meginstarfsemi viðkomandi fyrirtækis.

□ Ráðherra getur sett nánari reglur um eignarleigustarfsemi þar sem m.a. koma fram skilgreiningar á hinum ýmsu flokkum eignarleigu og þau atriði sem að lágmarki skal kveðið á um í eignarleigusamningum.

#### IV. kafli. Eigið fé, ársreikningur, endurskoðun, slit og samruni.

■ **10. gr.** [Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum<sup>1)</sup> um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli lánastofnana sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. másl. skal einnig gilda um samstæðureikning.]<sup>2)</sup>

□ Um eigið fé lánastofnana gilda að öðru leyti ákvæði VI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Ákvæði um laust fé viðskiptabanka og sparisjóða gilda þó ekki um lánastofnanir heldur fer um það samkvæmt ákvæðum laga um Seðlabanka Íslands.

□ [Ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, svo og reglur settar samkvæmt þeim um laust fé, bindiskyldu<sup>3)</sup> og gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, skulu einnig gilda fyrir aðrar lánastofnanir, eftir því sem við getur átt.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 348/1996, sbr. 118/1997. <sup>2)</sup> L. 20/1996, 3. gr. <sup>3)</sup> Rg. 190/1998, sbr. 235/1998.

■ **11. gr.** [Ársreikningur lánastofnunar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Þó skal ársreikningur lánastofnunar, sem rekin er á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, sbr. lög um Ríkisendurskoðun. Ráðherra sá, sem fer með málefni lánastofnunar í eigu ríkissjóðs, staðfestir ársreikning hennar.

□ Um ársreikning og endurskoðun að öðru leyti, svo og samstæðureikningsskil, fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Rg. 554/1994, sbr. 624/1994 og 717/1995. Rg. 341/1996. <sup>2)</sup> L. 20/1996, 4. gr.

■ **12. gr.** Um slit lánastofnana eða samruna við aðrar stofnanir fer samkvæmt ákvæðum VIII. og IX. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

#### V. kafli. Starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi og innlendra stofnana erlendis.

■ **13. gr.** Erlendar lánastofnanir, sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og hlotið hafa starfsleyfi lögbærra yfirvalda í því ríki, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur fengið tilkynningu þess efnis frá eftirlitsaðilum í heimaríkinu. Útibúinu er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi

taka til, enda sé hlutaðeigandi stofnun heimilud slík þjónusta í heimaríki hennar.

□ Stofnunum, sem um ræðir í 1. mgr., er einnig heimilt að veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús þegar [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum eftirlitsaðilum í heimaríki hlutaðeigandi stofnunar. Þessum stofnunum er heimilt að veita hverja þá þjónustu sem lög þessi taka til skv. 8. gr., enda hafi eftirlitsaðilar í heimaríki þeirra staðfest að starfsleyfið taki til slíkrar þjónustu.

□ Um heimildir erlendra lánastofnana, annarra en um ræðir í 1. mgr., til starfsemi hér á landi fer eftir reglum<sup>2)</sup> sem ráðherra setur að fengnum tillögum [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup>

□ Um starfsemi erlendra lánastofnana hér á landi gilda að öðru leyti ákvæði XI. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

□ [Um heimildir dótturfyrirtækja erlendra lánastofnana til starfsemi hér á landi fer samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999. <sup>2)</sup> Rg. 307/1994 og 308/1994. <sup>3)</sup> L. 20/1996, 5. gr.

■ **14. gr.** Lánastofnanir, sem hlotið hafa starfsleyfi ráðherra skv. 3. gr. og óska eftir að starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> ásamt upplýsingum um:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsingu á starfsemi útibúsins, skipulagi og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins og
4. nöfn stjórnenda þess.

□ Óski lánastofnun að veita þjónustu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að stofna þar útibú skal tilkynna það [Fjármálaeftirlitinu].<sup>1)</sup> Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

□ Hyggist lánastofnun hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> fyrir fram ásamt lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og öðrum upplýsingum sem [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegar þar að lútandi.

□ Um starfsemi innlendra lánastofnana erlendis fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

□ [Um heimildir dótturfyrirtækja innlendra lánastofnana til starfsemi erlendis fer samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999. <sup>2)</sup> L. 20/1996, 6. gr.

#### VI. kafli. Eftirlit.

■ **15. gr.** [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> hefur eftirlit með því að starfsemi lánastofnana sé í samræmi við ákvæði laga, reglur settar samkvæmt þeim og samþykktir hlutaðeigandi stofnana. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga um [opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi].<sup>1)</sup>

□ [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skal rannsaka fjárhag lánastofnana sem skulu veita allar þær upplýsingar sem [stofnunin]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegar. Í þeim mæli, sem [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> telur nauðsynlegt til að meta fjárhagsstöðu lánastofnunar, hefur það rétt til að afla upplýsinga og framkvæma vettvangsrannsókn hjá tengdum fyrirtækjum eða hlutdeildarfyrirtækjum.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999.

■ **16. gr.** Eftirlitsaðilum í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins er heimilt að framkvæma athugun í útibúum þar-

lendra stofnana hér á landi að undangenginni tilkynningu þess efnis til [Fjármálaeftirlitsins].<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999.

■ **[17. gr.]** [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> er heimilt að banna erlendri lánastofnun með aðalstöðvar í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins að stunda starfsemi hér á landi hafi hlutaðeigandi stofnun brotið gróflega eða ítrekað gegn ákvæðum laga þessara eða samþykktum og reglum settum samkvæmt þeim eða gegn ákvæðum annarra laga um fjármála- og lánastofnanir, enda hafi ekki tekist að binda enda á framangreind brot samkvæmt tilmælum eða viðurlögum þessara laga.

□ Málsmeðferð skv. 1. mgr. fer að ákvæðum samnings um Evrópska efnahagssvæðið eftir því sem við á.

□ [Nú gerist hérlend lánastofnun, sem stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotleg við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við yfirstjórn hlutaðeigandi lánastofnunar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999. <sup>2)</sup> L. 20/1996, 7. gr.

■ **[18. gr.]** [Fjármálaeftirlitið]<sup>1)</sup> skal halda skrá yfir starfandi lánastofnanir og útibú þeirra. Í skránni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar um hlutaðeigandi stofnun. Allar breytingar á áður skráðum upplýsingum, þar á meðal fjölgun eða fækkun útibúa, skulu tilkynntar [Fjármálaeftirlitinu]<sup>1)</sup> fyrir fram.

<sup>1)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999.

■ **[19. gr.]** Ákvæði 96. gr. A laga um viðskiptabanka og sparisjóði um rétt til að leita til dómstóla gilda einnig um lánastofnanir.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr.

## VII. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **[20. gr.]**<sup>1)</sup> Starfandi lánastofnunum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutfé sem mælt er fyrir um í 5. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá [Fjármálaeftirlitinu]<sup>2)</sup> heimilt að veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum II. kafla, sbr. ákvæði XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

□ Yfirtaki nýir aðilar starfsemi lánastofnunar, sem starfar

skv. 1. mgr., skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 5. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 84/1998, 3. gr., sem öðlast gildi 1. janúar 1999.

■ **[21. gr.]**<sup>1)</sup> Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. falla Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna ekki undir ákvæði laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr.

■ **[22. gr.]**<sup>1)</sup> Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr.

■ **[23. gr.]**<sup>1)</sup> Kostnaður við birtingar tilkynninga samkvæmt lögum þessum greiðist af hlutaðeigandi lánastofnun.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr.

■ **[24. gr.]**<sup>1)</sup> Fyrir brot á lögum þessum skal refsað með sektum eða [fangelsi allt að 2 árum]<sup>2)</sup> liggi ekki þyngri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum.

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr. <sup>2)</sup> L. 82/1998, 211. gr.

■ **[25. gr.]**<sup>1)</sup> Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 8. gr.

## Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Lánastofnanir, sem falla undir skilgreiningu laga þessara og starfandi eru við gildistöku þeirra, skulu hafa aðlagð starfsemi sína ákvæðum laganna eigi síðar en 1. janúar 1995. Þar til sú aðlögun hefur farið fram er þeim óheimilt að opna útibú eða bjóða fram þjónustu sína í öðrum ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að breyta félagsformi lánastofnunar, sem starfandi er við gildistöku laga þessara, í hlutfélag. Starfandi lánastofnun, sem breytt er í hlutfélag og skattlögð hefur verið samkvæmt lögum um skattskyldu innlánsstofnana, skal skattlögð þannig áfram.

□ [Starfsheimildir 8. gr. laga þessara koma til viðbótar heimildum sérlaga um starfandi lánastofnanir.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 20/1996, 10. gr.

■ **II.** . . .

■ **[III.]** Víkjandi lán, sem lánastofnun hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skal niður með afborgunum, er undanþegið ákvæði um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárbáttar B í 3. málsl. 4. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 20/1996, brákv.